



Aqua Klarlack

Vörunr. 2606 og 2607

Lýsing

Aqua Klarlack (2606 og 2607) er vatnsþynnanlegt akrýlureþan plastþeytulack sem hentar vel á hvers kyns við. Lakkið er svo til lyktarlaust, létt í vinnslu, þornar fljótt og er mjög slitsterkt. Í fljótandi formi er lakkið mjólkurlitað, en þornar alveg glært, sem minnkar líkur á helgidögum. Aqua Klarlack Halvmatt (2606) er hálfmatt og Aqua Klarlack blank er hágljáandi (2607).

Notkun

Aqua Klarlack er ætlað á húsgögn og viðarfleti innanhúss, auk þess sem það hentar vel til endurlökkunar á áður lakkaða fleti.

Tæknilegar upplýsingar

Litir: Litlaust	Þynnir: Vatn
Gljástig: 20 og 85	Áhaldahreinsir: Vatn
Pakkningar: 1/2 og 1 lítra	Þurrktími: ½ klst við 23 °C og 50 % raka
Efnisnotkun: 5-8 m ² /l	Yfirmálun: Lágmark: 2 klst
Eðlisþyngd: 1,0 kg/l	Hámark: Ekkert
Þurrefni: 28 % (rúmmál)	

Undirmálun

Engan sérstakan grunn þarf undir Aqua Klarlack.

Áhöld

Pensill með gervihárum. Hreinsið áhöld með vatni strax að lokinni notkun.

Vinnutilhögun

Nýmálun

Fjarlægið ryk og önnur óhreinindi. Slípið flötinn ef þörf krefur. Bestur árangur næst með því að væta flötinn með vatni og slípa hann síðan. Lakkið ómálaða og niðurslípaða fleti 3 umferðir. Slípið ávallt eftir fyrstu umferð. Óhætt er að lakka yfir eftir 2 klst.

Endurlökkun

Fjarlægið fitu, vax, bón og önnur óhreinindi með Málningarhreinsi (6208) og vatni. Mattslípið flötinn með sandpappír nr. 120-150. Lakkið ómálaða og niðurslípaða fleti 3 umferðir. Slípið ávallt eftir fyrstu umferð. Óhætt er að lakka yfir eftir 2 klst.

Athugasemdir

- Full harka næst að tveimur vikum liðnum.
- Málið ekki kaldari fleti en +10°C.

Varúðarmerkingar

Við venjulega vinnu með **Aqua Klarlack** telst hættan á heilsutjóni vera lítil. Varist að anda inn sprautuúða. Komist efnið í snertingu við auga skal skola það strax með vatni í a.m.k. 10 mínútur.

Geymist þar sem börn ná ekki til.